

## AUGLÝSING

### um gjaldskyld bílastæði.

Borgarráð Reykjavíkur, að fenginni tillögu skipulags- og umferðarnefndar Reykjavíkur, ákvað eftirfarandi á fundi sínum 14. október 1997, með tilvísun til 83. gr. umferðarlaga nr. 50, 1987 og 1. gr. reglna um notkun stöðureita í Reykjavík og gjaldtöku frá febrúar 1988:

Bílastæði á svæðinu frá Bergstaðastræti 6 (Bergstöðum) að Ingólfsstæti, milli lóðanna Hallveigarstígs 1 annars vegar og Skólavörðustígs 6b, Ingólfsstrætis 7 og 7b hins vegar, verði gjaldskyld.

Settur verði upp miðamælir á svæðinu með tímagjaldinu 40 krónur á klukkustund og án sérstakra takmarkana á leyfilegum hámarksstöðutíma, til samræmis við önnur miðamælastæði á gjaldsvæði 2.

*Reykjavík, 16. október 1997.*

Borgarstjórinn í Reykjavík,  
**e.u. Gunnar Eydal.**

## AUGLÝSING

### frá ríkisskattstjóra nr. 9/1997 um framlengingu á fresti skattstjóra til að afgreiða kærur.

Með vísan til 118. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, hefur ríkisskattstjóri ákveðið að breyta tímamarki því sem skattstjórum er sett, sbr. 99. gr. sömu laga, til að úrskurða kærur sem bárust að lokinni álagningu opinberra gjalda á skattaðila gjaldárið 1997.

Skattstjórar skulu hafa lokið við að úrskurða kærur vegna álagningar gjalda á tekjur ársins 1996 og eigna í lok þess árs 22. desember 1997 í stað 1. nóvember 1997.

*Reykjavík, 22. október 1997.*

**Garðar Valdimarsson** ríkisskattstjóri.